

.....

# Yealink símar

## Skipt um hringitón

.....

## Nýr hringitónn settur í Yealink síma

---


Til að setja inn nýjan hringitón þarf að fara inn á vefviðmót símtækisins. Hringitóna má nálgast á vefsvæði Símans. Einnig getur notandi búið til sinn eigin hringitón. Leiðbeiningar um hvernig það er gert má nálgast neðar í þessu skjali.

**Aðvörun!** Inn á vefviðmóti símtækisins eru ýmsar stillingar sem viðkoma tengingu símtækisins við símkerfi SímaVistar og hegðun símtækisins almennt. Farið því varlega í allar breytingar.

Þegar búið er að finna þann hringitón sem nota á, þarf að tengjast inn á símtækið. Farið er inn á símtækið í gegnum vef vafrara. Fyrst þarf að finna ip tölu símans. Það er gert með því að ýta á x hnappinn. Þá sést:

1. IPv4 Address: xxx.xxx.xxx.xxx

Þessi ip tala er svo slegin inn í vafrara. Þá kemur gluggi þar sem þarf að slá inn notendanafn og lykilorð. Ef því hefur ekki verið breytt þá er það admin og admin




The image shows a login dialog box titled "Login" for "Enterprise IP Phone SIP-T41P". It contains two input fields: "Username" with the text "admin" and "Password" with seven dots. Below the fields are two buttons: "Confirm" and "Cancel".


Núna er smellt á *Settings*




Ef smellt er á örina við *Ring Type* þá sjást þeir hringitónar sem eru fyrir í símtækinu. Símtækið kemur með 5 hringitónum sem heita Ring1 - Ring5.



Smelltu á *Browse* og finndu hringitóninn sem þú ætlar að nota



Ýttu svo á *Upload*



Nýji hringitóninn á núna að sjást í lista yfir hringitóna.

Ef villan *No space left* kemur, þá er ekki pláss fyrir hringitóninn í símtækinu. Þá þarf að eyða út hringitónum til að búa til pláss fyrir þann nýja


**No space left!**

## Hringitón eytt úr síma.


---

Plássið sem símtækið hefur fyrir auka hringitóna er 100Kb. Fjöldi auka hringitóna fer því eftir stærð skráarinnar. Ef hringitónar sem eru fyrir á símtækinu eru það stórir að ekki sé hægt að setja nýjan inn, þá gæti þurft að eyða þeim sem fyrir eru.


Skráðu þig inn á símtækið og smelltu svo á *Settings*



Smelltu á örina við *Ring Type* og veldu þann hringitón sem á að eyða. ATH að ekki er hægt að eyða þeim hringitónum sem koma með símanum.



Smelltu á *Del*




Nýr hringitónn virkjaður í símtækinu í gegnum vefsíðuna.


---

Eftir að nýr hringitónn hefur verið settur inn í símtækið þarf að virkja hann svo símtækið noti hann þegar síminn hringir. Þetta er hægt að gera í gegnum símtækið sjálft (sjá leiðbeiningar um símtæki) eða í gegnum vefsíðuna.

Skráðu þig inn á símtækið og smelltu svo á *Account* og svo *Basic*



Smelltu á örina við *Ring Type* og veldu hringitóninn sem þú vilt nota. Smelltu svo á *Confirm*



## Nýr hringitónn búinn til

---

Það eru til margar aðferðir til að búa til hringitón og engin ein aðferð er hin eina rétta. Algengast er að taka hluta úr öðrum tónum og klippa saman. Einnig er hægt að nálgast hringitóna á Internetinu, t.d hringitóna fyrir farsíma. Forrit til að vinna hringitóna eru mörg og misjöfn, en algengust eru sjálfsagt Cooledit og Goldwave. Hægt er nálgast fría útgáfu af þessum forritum á Internetinu.

Þegar hringitónn er búinn til þarf að passa að sniðið sé rétt á skránni, annars getur síminn ekki lesið skrána. Sniðið á þarf að vera:

Wav A-law mono 8000Hz 16 eða 64 bit. Stærðin má ekki vera meiri en 100Kb